

Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2011



Elfa Hlín Pétursdóttir
Michelle Lynn Mielnik

Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2011



© Elfa Hlín Pétursdóttir og Michelle Lynn Mielnik 2011

Forsíðumynd: Nemendur vinnuskólans taka þátt í heyslætti með gamla laginu.

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 2011

Skýrslur Minjasafns Austurlands XXII

ISSN 1670-8059

EFNISYFIRLIT

Opnunartími safnsins	5
Starfsmannahald	5
Húsnæðismál og rekstur	5
Styrkveitingar	6
Grunnsýning	6
Aðrar sýningar.....	6
<i>Einar H. Kvaran.....</i>	<i>6</i>
<i>Endurfundir.....</i>	<i>6</i>
<i>Ljósmyndasýning.....</i>	<i>6</i>
<i>KHB.....</i>	<i>7</i>
<i>Jaðar ímyndunaraflsins</i>	<i>7</i>
<i>UÍA.....</i>	<i>8</i>
<i>Handunnar og hjartnæmar jólakúlur</i>	<i>8</i>
<i>Sýningar á 3.hæð.....</i>	<i>8</i>
<i>Keramík</i>	<i>8</i>
<i>Bangsar</i>	<i>9</i>
<i>Jólakort.....</i>	<i>9</i>
Safnfræðsla	9
Uppákomur og viðburðir.....	12
<i>Kvæðatónleikar</i>	<i>12</i>
<i>Sumargleði.....</i>	<i>12</i>
<i>Íslenski safnadagurinn.....</i>	<i>12</i>
<i>Ormsteiti</i>	<i>13</i>
<i>Dagar myrkurs.....</i>	<i>13</i>
<i>Bókavaka</i>	<i>13</i>
<i>Jólagleðin</i>	<i>14</i>
Ýmis starfsemi	14
<i>Kjarvalshvammur</i>	<i>14</i>
<i>Samtímasöfnun – leikir barna</i>	<i>14</i>

<i>Heimasíða.....</i>	<i>14</i>
<i>Ráðstefnur, námskeið og fundir.....</i>	<i>15</i>
<i>Kárahnjúkar – samtímasöfnun.....</i>	<i>16</i>

Opnunartími safnsins

Yfir vetrartímann var safnið með auglýstan opnunartíma virka daga kl. 13-16 þó að tekið hafi verið á móti gestum utan þess. Yfir sumarið var opið alla daga vikunnar kl. 11-17 nema í júlí. Þá var áframhald á þeirri tilraun að hafa safnið opið lengur á kvöldin til að ná til fleiri ferðalanga sem koma oft seinni part dags í Egilsstaði til áningar. Var það opið mánudaga til fimmtudaga til kl.21 á kvöldin í því skyni. Af hvaða ástæðum sem það kann að vera bar sú opnun ekki tilætlaðan árangur fyrir safnið. Fáir gestir nýttu sér þessa kvöldopnun.

Starfsmannahald

Nokkrar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu. Elfa Hlín Pétursdóttir var í starfi safnstjóra til 30.september (í 90% starfshlutfalli) en fór þá í launalaust ársleyfi. Í starfi safnkennara var Michelle Lynn Mielnik í 50% stöðugildi sem jókst upp í 70% þegar Elfa Hlín fór í leyfi. Michelle bætti þá við sig hluta af störfum Elfu sem staðgengill hennar. Edda Björnsdóttir var safnvörður í 50% starfi. Beata Fabian var á fyrra hluta ársins ráðin með samningi við Vinnumálastofnun um sérstakt átaksverkefni í 6 mánuði. Þá annaðist hún sýningagæslu sem afleysingastarfsmaður yfir sumarið. Hún var svo í 70% starfi frá 1.október á móti Michelle og sinnti hluta af störfum safnstjóra sem staðgengill hans. Heiða Ösp Árnadóttir var áfram í 40% starfi við ræstingar í Safnahúsinu út árið, en hætti í lok desember.

Kári Gunnlaugsson og Sigrún Blöndal unnu til 30.júní í fjarvinnslu fyrir Þjóðminjasafn Íslands, sem fólst í því að færa upplýsingar úr ritum Þjóðminjasafnsins í Sarp.

Húsnæðismál og rekstur

Nú eru liðin 15 ár síðan Safnahúsið var tekið í notkun, en byggingu þess ekki lokið og er burst nr. 2 einungis hálfgerð. Sá hluti hússins hýsir munageymslu Minjasafnsins og vinnuaðstöðu almennra starfsmanna þess. Í þeim hluta hússins hefur um árabil verið viðvarandi lekavandamál, einkum í stórrigningum og mikilli hláku, en yfir því er flatt þak sem á sínum tíma var lagður plastdúkur á og síðan tyrft yfir. Hluti ytra byrðis þessa hluta hússins hefur aldrei verið klæddur með samskonar viðarklæðningu og aðrir hlutar hússins og þegar betur er að gáð er ýmislegt fleira í fráganginum sem ber þess merki að hafa verið hugsað til bráðabirgða á sínum tíma.

Á árinu komu í ljós skemmdir á klæðningu á norðurvegg hálfkláraða hluta hússins. Þegar betur var að gáð kom í ljós umtalsverður fúi í klæðningu sem virðist tilkomin vegna þess að vatn hefur komist á bak við hana. Þessar skemmdir hafa verið að eiga sér stað á löngum tíma þó þær uppgötvist ekki fyrr en skemmdir á ytra byrði klæðningarinnar urðu sýnilegar. Það var álit fagmanna að bregðast þyrfti við strax, lagfæra það sem var ónýtt og gera jafnframt ráðstafanir til að afstýra frekari skemmdum. Þær skemmdir sem nú hafa verið lagaðar eru á afmörkuðu svæði á veggnum, í og við svæði sem hugsað hefur verið sem gluggaop en var lokað með spónaplötum. Víðar á þessum hluta hússins má sjá merki um að einhvern tíma hafi lekið. Ekki var þó ráðist í að athuga þá staði frekar nú. Enn er beðið eftir lausn á lyftumálum í húsinu.

Styrkveitingar

Safnasjóður styrkti bæði almennan rekstur Minjasafnsins og safnkennarastöðu þess. Rekstrarstyrkur safnasjóðs (1.500.000 kr.) nýttist að fullu til að greiða hluta af launum safnstjóra. Viðbót vegna þjónustusamninga (200.000 kr.) fór til Ljósmyndasafns Austurlands. Og verkefnastyrkur (300.000) nýttist að fullu til að viðhalda stöðugildi safnkennara.

Menningarráð úthlutaði 200.000 kr. til Minjasafns Austurlands til að halda stöðu safnkennara á safninu.

Frá samtökum Norðurlandanna, Nordisk Kulturfond, hafði hlotist 1.697.680 kr. styrkur vegna sýningar á Neskaupstað sem bar heitið Edges of the Imagination – Jaðar Ímyndunarafls. Sú sýning var þriggja landa verkefni í samstarfi við unga listamenn á ýmsum sviðum.

Grunnsýning

Grunnsýning er sú sama og árin áður, þ.e. „Sveitin og þorpið“, sem sett var upp árið 1996.

Aðrar sýningar

Einar H. Kvaran

Bókasafn Héraðsbúa setti upp sýningu um Einar H. Kvaran rithöfund í Safnahúsinu. Einar var fæddur í Vallanesi á Völlum þann 6. desember 1859 og var einn af brautryðjendum raunsæisstefnu í íslenskum bókmenntum. Hann skrifaði skáldsögur, smásögur, ljóð og leikrit og má þar þekktast nefna Lénharð fógeta. Þessi sýning var fyrst sett upp í Þjóðarbókhöðunni í desember 2009 í tilefni af því að 150 ár voru liðin frá fæðingu Einars. Sýninguna mátti skoða í stiganum á leiðinni upp á bókasafn og rit hans lágu einnig þar frammi. Nokkrir skólahópar nýttu safnheimsóknir til að skoða þessa sýningu.

Endurfundir

Laug.16.apríl var sumargleði safnsins haldin og í því tilefni opnuð sýning með munum frá uppgreftri Skriðuklausturs. Sýningin heitir Endurfundir og hefur verið í Þjóðminjasafninu. Þar bauðst gestum að hlusta á tíðabætur og fyrirlestur um klaustursrannsóknirnar, taka þátt í föndri (kindakort og blómakörfur) og njóta veitinga. Hægt er að skoða annað efni um sýninguna á slóðinni <http://www.thjodminjasafn.is/endurfundir> .

Ljósmyndasýning

Föstudaginn 11. mars var opnuð ljósmyndasýning á jarðhæð Safnahússins. Alls eru 15 myndir á sýningunni og eru þær allar teknar á Austurlandi, flestar á síðasta áratug 20. aldar.

Myndirnar koma úr safnkosti Ljósmyndasafns Austurlands en þær eru verk tveggja ljósmyndara, þeirra Önnu Ingólfssdóttur og Sigurðar Aðalsteinssonar sem bæði hafa starfað sem fréttaritarar á Austurlandi. Myndefnið er fjölbreytt enda austfirskt mannlíf þema sýningarinnar. Sýningin hefur verið opin allt árið og aðeins bætt við myndum.

Frá því í upphafi febrúar 2011 hefur á vegum Héraðsskjalasafns Austfirðinga og Ljósmyndasafns Austurlands verið unnið að verkefni við skönnun, skráningu og frágang ljósmynda. Verkefnið hlaut styrk á fjárlögum yfirstandandi árs en sveitarfélagið Fljótshálfshérað kom einnig að því með söfnunum. Alls störfuðu þrír starfsmenn við verkefnið til loka ársins. Meginmarkmið þessa verkefnis er að gera safnkost Ljósmyndasafns Austurlands aðgengilegri fyrir áhugasama og er gert ráð fyrir að síðar verði einhver hluti safnsins gerður aðgengilegur á veraldarvefnum. Sá áfangi verkefnisins sem nú er í gangi nær þó ekki til slíkrar birtingar.

KHB



Sumarsýning Minjasafns Austurlands var að sinni sett upp í gamla sláturhúsinu á Egilsstöðum. Sýningin um hundrað ára saga Kaupfélags Héraðsbúa var opnuð þann 17. júní með pompi og pragt. Kaupfélag Héraðsbúa var stofnað árið 1909 og í 100 ár hafði það gríðarleg áhrif á austfirskt samfélag á hinum ýmsu sviðum. Kaupfélagið hafði áhrif á lífshlaup flestra Austfirðinga, hvort sem þeir unnu þar eða höfðu viðskipti við félagið á einn eða annan hátt. Á sýningunni var skyggst í fjölbreytta starfsemi félagsins. Verslunin á Egilsstöðum, útgerð á Reyðarfirði, fólksflutningar, Söluskálinn, Naglabúðin og

Kjörbíllinn koma m.a. þar við sögu og er talið að með sýningunni hafi aðalmarkmiðin nást: að miðla 100 ára sögu kaupfélagsins, veita fólki tækifæri til að „upplifa“ starfsemi hjá kaupfélaginu og vekja minningar tengdar því. Sýningin var unnin í samstarfi við Fljótshálfshérað, MMF og Sláturhúsið, auk Menntaskólans á Egilsstöðum, en nemendur í áfanganum Saga Austurlands unnu hluta af efni sýningarinnar.

Jaðar ímyndunarafslins

Verkefnið Jaðar ímyndunarafslins er samstarfsverkefni Fjarðabyggðar, Menningarráðs Austurlands og Minjasafns Austurlands og er það hluti af alþjóðlegu verkefni sem landsvæðin Vesterålen í Noregi, Donegal á Írlandi og Austurland standa að og ber heitið EDGES - three sides of the same sea.

Meginmarkmið verkefnisins er að leita nýrra leiða til að tengja saman menningararf og samtímalist, bæði innan svæða og milli þessara þriggja strandhéraða. Tilgangurinn er m.a. að efla svæðisvitund í alþjóðlegu samhengi og mynda tengslanet milli listamanna af yngri kynslóðinni.

Vinnustofa og sýningar eru í hverju landi fyrir sig og hafa sýningar þegar farið fram í Írlandi og Noregi. Í Sigmundarhúsi í Neskaupsstað var sett upp sýning um sjómannadagshelgina 2011 sem bar vinnuheitið Edge of the Imagination og var unnið með þá hugmynd að setja upp safn staðsett í álfheimum þar sem huldufólkið fjallar um manninn og umhverfi hans. Sýningin stóð út sumarið eða til loka ágústmánaðar.

Sýninguna unnu listamennirnir Anja Veronica Hansen frá Noregi, Hlín Davíðsdóttir frá Eskifirði og Maria McKinney frá Írlandi. Þær eru allar frábærir listamenn á sínu sviði, Anja vinnur með textíl, Hlín er teiknimyndagerðakona (animator) og Maria vinnur með skúlpúra. Páll Ivan Pálsson vann hljóðmynd með þeim. Listrænn stjórnandi verkefnisins var austfirski leikkonan Halldóra Malín Pétursdóttir og Katrín Halldóra Sigurðardóttir aðstoðarmaður hennar.

UÍA

Vegna 70 ára afmælis Ungmennafélagssins var sett upp sögusýning í Safnahúsinu fyrir Sumarhátíð UÍA í byrjun júlí. Fulltrúar UÍA aðstoðuðu við að hengja upp plaköt, undirbúa ljósmyndasýningu á skjá, sýna verðlaunapeninga og bikara auk eldri búninga og búnaðar. Á íslenska safnadeginum, sunnudaginn 10.júlí, var gestum síðan boðið upp á taka þátt í fornum íþróttum á vegum safnkennara og aðstoðarmanna, s.s. glímu, knattleik og ýmsum þrautum.

Handunnar og hjartnæmar jólakúlur



Leitast var eftir samstarfi við bæjarbúa vegna sýningar á handunnum jólakúlum. Skilyrði voru að kúlurnar væru handgerðar að einhverju leyti en mættu gjarnan vera úr margvíslegu efni. Fengust kúlur að láni frá einstaklingum á Héraði og Seyðisfirði. Þær voru ýmist saumaðar, stungnar, orkeraðar, heklaðar, kniplaðar, prjónaðar, þæfðar, búnar til úr pappa, perlum eða fjöðrum. Kúlurnar voru hengdar upp í aðalsýningarsal. Gestir ráku upp stór augu þegar þeir litu á alla jólakúludýrðina sem hékk við innganginn og baðstofuna.

Sýningar á 3.hæð

Rýmið á 3.hæðinni hefur oftast nýst vel í beinum tengslum við sýningar í Safnahúsinu. Í lok september var ákveðið hvað skyldi sýnt í skápnum og við endavegginn í samráði við Bókasafn Héraðsbúa. Þrjár sýningar voru settar þar upp í lok ársins 2011 og stóð hver sýning í u.þ.b. mánuð í senn.

Keramík

Á Egilsstöðum býr hæfileikarík og barngóð kona sem hefur reynslu með leirvinnslu og boðið bæði börnum og fullorðnum upp á námskeið. Hún heitir Jacqueline og er frá Þýskalandi, en vinir hennar kalla hana „Línu“. Gestum minjasafnsins hefur gefist tækifæri undanfarin ár á jólagleði safnsins til að taka þátt í leirvinnslu með Línu, öllum til mikillar ánægju. Í september

voru til sýnis leirmunir barna úr námskeiðshópum á ýmsum aldri. Börn voru dugleg að fá foreldra sína til að koma og skoða munina í skápunum.

Bangsar



Í tilefni Alþjóðadags bangsa á bókasöfnum landsins í október fengu bangsarnir athygli í umræddu sýningarrými. Að þessu sinni var ákveðið að sýna ýmsa hluti með myndum af böngsum, bangsamynstri, leikfangadót fyrir bangsa o.þ.h. Fengust ýmsir hlutir að láni frá bæjarbúum og leikskólum auk servíettusafn með bangsamyndum frá Guðnýju Jónsdóttur, Ásgarði. Sú sýning vakti mikla athygli meðal yngri kynslóða og lögðu heilu leikskólahóparnir leið sína í Safnahúsið til að líta böngsunum augum.

Jóla kort

Fyrir jól voru sýnd gömul jóla kort sem varðveitt eru hjá Ljósmyndasafni Austurlands. Kortin voru úr tveimur söfnum: safni Ólafs Stefánssonar og Kristínar Gunnlaugsdóttur Oddsen frá Víðhóli, Fjöllum og safni Aðalsteins Bjarnasonar frá Höfða í Vallahreppi.



Safnfræðsla

Eftirspurn og nýting heimsóknna á safnið og fræðslu safnkennara í skólana hefur aukist ennfrekar á grunnskólastigi, menntaskólastigi og meðal handverks- og nýsköpunarhópa á svæðinu. Foreldrar nýttu tækifæri til að halda bekkjarkvöld fyrir börn sín í samstarfi við safnkennara. Að auki hafa kennaranemar sýnt áhuga á safnfræðslu, kynnt sér hana betur, fylgst með hópum og unnið námsverkefni tengd henni. Safnfræðslan er orðin mjög fjölbreytt og hafa kennarar úr öllum skólum og Héraði auk skólanna í Fjarðabyggð nýtt sér hana. Flestir hóparnir heimsóttu safnið, en einnig heimsótti safnkennari hópa í skólunum. Safnkennari fékk nokkra áhugasama og skemmtilega sjálfboðaliða af svæðinu til aðstoðar með verkefni um tóvinnu, vinnu barna áður fyrr, sveitastörfin o.fl. og var aðstoð þeirra mikils metin af safnmönnum ekki síður en nemendum. Má þar nefna Aðalstein Aðalsteinsson og konu hans Sigríði Sigurðardóttur, Gunnar Guðmundsson og Svandís Skúladóttir á Litla-Bakka auk Grána (heitir einnig Gæskur) sem Herdís Gunnarsdóttir á Egilsstöðum var svo góð að lána í heyskapinn.



Smiðjuhópar voru áfram hluti af safnfræðsluverkefnum og mættu nemendur úr 5.-7.bekkjum Grunnskólans á Egilsstöðum einu sinni í viku í ýmis verkefni. Unglingasmiðjuhópur lærðu af eigin raun hve mikil vinna liggur að baki til að geta nýtt ull í þrjónaskap o.fl. Nemendur í þeirri smiðju mættu með sína eigin ull, hreinsuðu hana, tæjuðu, kembdu, lyppuðu, spunnu og notuðu hana síðan í lokaverkefni, að hekla, þrjóna, dúskagerð, vefnað o.þ.h. Afrakstur þeirra var sýndur í skápnum á 3.hæðinni.

Nemendur á miðstigi unnu torfbæjarverkefni þar sem þeir fræddust um uppbyggingu torfbæja og aðstæður þeirra



sem í þeim áttu heima. Síðan bjuggu nemendurnir til eftirlíkingar af bæjum úr óvenjulegum efniviði, s.s. legókubbum, nammi, sykursmolum, tréplatta o.fl.



Afrakstur smiðjuhópsins um torfbæi var einnig til sýnis í skápnum á 3.hæðinni eftir að tímabilinu lauk.

Einnig tóku nemendur þátt í smiðju um íþróttir fornanna. Þar lærðu þeir sögu ýmissa íþrótta og spreyttu sig sjálfir, t.d. í glímu, fornum knattleik, bogfimi, grjótkasti, hlaup, stökk og fleira. Þeirri smiðju lauk með drykkjukeppni úr drykkjarhornum (malt og mysa – ekkert áfengt!) þar sem nemendur drukku, skáluðu og fóru með montvísur um sjálfa sig.

Safnfræðslan hélt áfram í sumarfríi, breyting frá fyrri árum, vegna samstarfs við Vinnuskóla Fljótshlíra. Nemendur í vinnuskólanum heimsóttu safnið og fræddust um heyslátt með orfi og ljá. Síðan var farið á vettvang með tilheyrandi verkfærum og áhöldum auk hests undir klyfbera. Nemendur fengu sjálfir að prófa að slá með gamla laginu, binda í bagga og „teyma hestinn heim í hlöðu“.



Safnkennari og nemendur nutu leiðsagnar tveggja reyndra bænda, Vaðbrekku-Aðalsteins og Gunnars frá Litla-Bakka, og töldu allir sig hafa haft bæði gagn og gaman af samstarfinu, þrátt fyrir rigningar- og kuldatíð og litla grassprettu þetta sumar. Vinnuskólinn hefur áhuga á að gera safnfræðslu að föstum lið í námskeiðsviku hans fyrir alla hópa sem þar starfa og hefur Minjasafnið að sjálfsögðu áhuga á þess konar samstarfi áfram.




Um haustið fékk safnið fjörugan gest í víkingaklæðnaði, William R. Short, til aðstoðar. Saman kenndu safnkennari og hr.Short öllum nemendum úr Hallormsstaðaskóla, Brúarásskóla og Grunnskóla Reyðarfjarðar um víkingasiði, leiki og bardagatækni. Ekki var annað að sjá en að allir hafi skemmt sér konunglega í þeim heimsóknum og orkan hjá nemendum, safnkennara og víkingagesti okkar alveg búin að lokum!



Mögulegt var að taka á móti nokkrum hópum okt.-des. m.a. með góðri aðstoð Séra Láru Oddsdóttur sem aðstoðaði við fræðslu um jólahefðir almennt og kirkjugöngu.

Fyrirnefndu styrkir frá Menningarráði Austurlands (200.000 kr.) og Safnasjóði (300.000 kr.) dugðu til að viðhalda stöðu safnkennara mestan hluta ársins. En safnkennari vann einnig að undirbúningi fræðsluverkefnis fyrir Skriðuklaustur gegn 300.000kr. greiðslu, s.s. mánaðarlaunagreiðslu safnkennara. Færri hópar komust að fyrir hluta árs vegna þessa verkefnis. Þær breytingar urðu síðan á stöðu safnkennara þann 1.október að safnkennari tók við hluta af störfum safnstjóra sem staðgengill hans og vegna aukinna verkefna, funda og námskeiða hefur þurft að fækka safnfræðsluheimsóknum um tíma. Því miður fannst ekki fjármagn til að auka starfshlutfall safnkennara í samræmi við eftirspurn eftir safnfræðslu, en verið er að skoða aðra möguleika fyrir næsta árið.

Samtals á árinu hlutu **1480** einstaklingar í **97** hópum safnfræðslu af einhverju tagi þrátt fyrir að fækka þurfti heimsóknum fyrri hluta og seinni hluta árs af ofangreindum ástæðum. Eftirfarandi súlurit sýnir fjölda þeirra er tóku þátt í safnfræðslu á vegum Minjasafns Austurlands árið 2011 og er sýnt hve margir þeirra sóttu fræðslu á safnið, fengu fræðslu til sín eða tóku þátt í almenningsfræðslu eða námskeiðum.



Uppákomur og viðburðir

Kvæðatónleikar

Í febrúar fékk Minjasafn Austurlands góða gesti frá Akureyri, Þór Sigurðsson og Rósu Maríu Stefánsdóttur. Þau fluttu íslensk kvæðalög og ljóðalög án undirleiks í Safnahúsinu. Fámennt var en skemmtilegt og sýndu aðrir gestir einnig listir sínar í kveðskap í lokin.

Sumargleði

Þar sem páskaþingurinn og sumardagurinn fyrsti sameinuðust á þessu ári var ákveðið að halda hátíðlega dagskrá laug.16.apríl. Þann dag var sýningin Endurfundur opnuð formlega með tíðabænum kaþólskra presta frá Kollaleiru og nunna frá Egilsstöðum, fyrirlestri Steinunnar Kristjánsdóttur um uppgröft á Skriðuklaustri, föndri í anda árstíðarinnar og veitingum.

Íslenski safnadagurinn

Íslenski safnadagurinn var haldinn hátíðlegur sunnudaginn 10.júlí. Í tilefni dagsins bauðst gestum á Minjasafni Austurlands tækifæri til að fræðast um og taka þátt í glímu, fornum knattleik, hornskinnuleik og ýmsum þrautum. Dagskrá var í samstarfi við UÍA vegna Sumarhátíðar félagsins þá helgi og gátu gestir því einnig skoðað sögusýningu um UÍA sem átti 70 ára afmæli á árinu.

Ormsteiti

Sýningin um KHB vakti talsverða athygli og var einn liður í henni að skrá frásagnir manna um áhrif KHB á líf sitt, minningar tengdar KHB eða viðskipti við KHB. Boðið var upp á aðstoð við þessa skráningu á Ormsteiti, en þá var fyrirverandi starfsmönnum, viðskiptavinum og öðrum gestum boðið að koma og segja sögur sínar sem starfsmenn Héraðsskjalasafns og Minjasafns tóku upp og skráðu. Minningarbrotin verða varðveitt hjá Héraðsskjalasafni Austfirðinga.

Listahópur Vinnuskóla Fljótsdalshéraðs nýtti einnig KHB sýninguna á Ormsteitisdögum og sýndi þar Hryllingsstuttmyndina **Sláturhúsið**. Að henni stóðu María Elísabet Hjarðar, Sunna Celeste Ross, Natalía Gunnlaugsdóttir, Ragnheiður Ósk Sigmundsdóttir og Dagbjört Lilja Björnsdóttir.

Dagar myrkurs

Gestum var boðið upp á að prófa skuggaleikhús og hlýða á draugasögu í Safnahúsinu í tilefni Daga myrkurs, en því miður var fámennnt, líklega sökum þess að atburðurinn var auglýstur með of stuttum fyrirvara. Stóðu Bókasafn Héraðsbúa og Minjasafn Austurlands saman að þeirri uppákomu.

Berglind Agnarsdóttir, sögukona frá Fáskrúðsfirði, sagði hræðilegar draugasögur laugardaginn 5.nóvember að Sómastöðum, Reyðarfirði. Þar var fullt hús af hræddum fullorðnum og börnum sem litu oft yfir öxl sína á leið út í bifreiðarnar í kolsvörtu myrkri að dagskrá lokinni.

Bókavaka

Hin árlega Bókavaka Safnahússins var haldin 1. desember. Að venju var Bókavakan helguð austfirskri útgáfu en yfirskrift hennar er *Austfirsk útgáfa í öndvegi*. Í ár komu út vel á annan tug bóka sem telja má austfirskar og var því af nógu að taka. Óvenju góð aðsókn var að Bókavökunni í ár og var þröng á þingi því rúmlega 50 manns mættu og hlýddu á upplestur og umfjöllun um bækur.

Fimm höfundar komu og lásu úr verkum sínum á Bókavökunni. Fyrstur sté á stökk Sveinn Snorri Sveinsson en hann las úr ljóðabók sinni *Hinum megin við sólsetrið*. Á eftir honum kom Helga Erla Erlendsdóttir með bókina *Elfríð - Frá hörmungum Þýskalands til hamingjustranda*. Helga sagði frá tilurð bókarinnar og las úr henni valda kafla. Næst kom Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir og las úr nýrri ljóðabók sinni sem nefnist *Lausagrjót úr þagnarmúrnum*. Félag ljóðaunnenda á Austurlandi gaf bókina út en þetta er fyrsta bók höfundar. Sigurjón Bjarnason greindi næstur frá sinni bók, en hún nefnist *Fjörmennt og fátæklingar*. Þar er um að ræða ættarsögu Stefáns Alexanderssonar. Síðust kom fram Ingunn Snædal og las hún út nýútkominni ljóðabók sinni sem nefnist *Það sem ég hefði átt að segja næst – þráhyggjusögur*. Kynnir kvöldsins var Arndís Þorvaldsdóttir og sá hún, auk kynningar á

upplisurum, um að gera grein fyrir öðrum austfirskum bókum sem komu út á árinu. (Hrafnkell Lárusson er höfundur textans um bókavökuna, skv. frétt á heimsíðu Héraðsskjalasafns.)

Jólagleðin

Þar sem nokkrir einstaklingar sem ætluðu að lána kúlur á sýninguna báðu um frest var ákveðið að halda jólagleði safnsins laugardaginn 3.des. Þar var jólakúlusýningin *Handunnar og hjartnæmar jólakúlur* formlega opnuð. Einnig var boðið upp á föndur, jólabingó með Kertasníki, vöffur og að sjálfsögðu dansað í kringum jólatréð. Gestir voru því miður óvenju fáir á jólagleðinni þetta árið, enda var sá dagur einn af fáum óveðursdögum haustsins og hálfófært!

Ýmis starfsemi

Kjarvalshvammur



Undanfarið hefur Minjasafn Austurlands unnið að endurbótum á sumardvalarstað Jóhannesar Kjarvals í Kjarvalshvammi. Á árinu var framkvæmdum að mestu lokið og gestum boðið að taka þátt í dagskrá í tilefni þess. Sú dagskrá fór fram laugardaginn 11.júní, en þar flutti Björn Ingimarsson bæjarstjóri ávarp, Ljósbrá Björnsdóttir rifjaði upp samskipti sín við Kjarval og boðið var upp á léttar og þjóðlegar veitingar. Í móanum í kring

mátti heyra ljúfa tóna, en þeir Arnar Freyr Warén og Erlendur Einarsson þöndu dragspilín til heiðurs meistaránúm.

Samtímasöfnun – leikir barna

Sýningin **Ekki snerta jörðina** er afrakstur rannsóknar um leiki 10 ára barna á Íslandi veturinn 2009-2010 sem Minjasafn Austurlands var aðili að. Sýningin er farandsýning og var opnuð fyrst í Þjóðminjasafni Íslands á sumardaginn fyrsta sl. Í tengslum við hana var einnig sett upp þessi skemmtilega <http://www.thjodminjasafn.is/ekki-snerta-jordina/>. Fyrirhugað er að sýningin verði sett upp hér eystra snemma árs 2012.

Heimasíða

Heimasíða safnsins var í talsvert eldri útfærslu og þoldi ekki lengur álagið. Hún var uppfærð og flutt yfir á nýja síðu í október. Sum skjöl færðust ekki með og er unnið í því að koma þeim aftur á sinn stað til að allir tenglar virki sem skyldi. Stefnt var að því að nýta heimasíðuna

meira fyrir gagnvirk verkefni og efni til safnfræðslu, en á því verða tafir þar til grunngögn eru komin á sinn stað aftur. Beðið er eftir myndasafnsforriti sem passar við núverandi uppfærslu, en þangað til er ómögulegt að vista myndir í safni. Þó er enn unnt að hafa nokkrar með í fréttapistlum.

Ráðstefnur, námskeið og fundir

Farskóli 2011

Farskóli safnamanna var að þessu sinni haldinn í Varmahlíð í Skagafirði. Beata Fabian og Michelle Mielnik sóttu farskólann, kynntust þar mörgum safnmönnum, hlýddu á marga áhugaverða og gagnlega fyrirlestra um ýmis konar samstarf og grunnþarfir safnanna og ræddu þau mál við aðra safnmenn. Einnig var farið í skoðunarferðir um Sauðárkrók og Skagafjörð, safnað hugmyndum og rætt um árangur ýmissa viðburða þar.

Arnheiðarstaðarvötturinn

Miðvikudagskvöldið 26. janúar kl. 20.00 hélt Sigríður Lilja Ragnarsdóttir kynningu á vattarsaumi. Tæplega 30 gestir mættu og sýndu áhuga á að læra þetta forna handbragð. Í framhaldi af kynningunni var haldið námskeið 2., 9. og 16. febrúar í Minjasafni Austurlands kl. 19-22 þar sem um 10 þátttakendur saumuðu húfu og fleira með þessari fornu aðferð.

Vattarsaumur er ævaforin aðferð sem notuð hefur verið til að búa til húfur, sokka, vettlinga og fleira. Hann var fyrrum útbreiddur um alla Evrópu, þ.á.m. á Íslandi. Þetta er saumgerð þar sem stór nál er notuð til að skeyta saman þræði (oftast ull en stundum var notað stórgripahár) af takmarkaðri lengd. Lykkjur eru búnar til í hendi og þráðurinn dreginn í gegnum þær. Þessi aðferð var notuð áður en prjón barst hingað til lands á 16. öld.



Í lok 19. aldar fannst vöttur (vettlingur) við Arnheiðarstaði í Fljótsdal úr ull og unninn með þessari aðferð. Talið er að hann sé frá 10. öld og er með elstu munum úr textíl sem varðveist hafa hér á landi og auk þess það eina vattarsaumaða flíkin sem fundist hefur.

Orkering

Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir var leiðbeinandi á námskeiði um orkeringu sem haldið var á Minjasafni Austurlands seinni part fimmtudaga í október og nóvember. Um 10 þátttakendur lærðu grunntökin í orkeringu, að búa til hnúta, lauf og boga, og unnu þannig ýmis konar

fallegt skraut til að hengja á jólatréð eða gefa í gjöf. Stefnt er að því að halda framhaldsnámskeið eftir áramót.

Kárahnjúkar – samtímasöfnun

Hilda Kristjánsdóttir, meistaranemi í hagnýtum þjóðfræðum í Háskóla Íslands, vann rannsókn undir leiðsögn Elfu Hlínar Pétursdóttur safnstjóra Minjasafns Austurlands um samfélagið við Kárahnjúka meðan á gerð stíflunnar stóð. Hilda tók ljósmyndir og viðtöl við íbúa gámabyggðarinnar þar sem heilar fjölskyldur dvöldu, fengu skólafræðslu og fleira. Hilda skráði ýmsar upplýsingar um aðstæður, möguleika, daglegt líf og líðan íbúanna. Áætlað er að sýna afrakstur rannsóknar Hildu eftir útskrift hennar næsta vor 2012.